



Reykjavík, 28. febrúar 2024

MSS24020163

ÓM

Ferð forseta borgarstjórnar til Berlín 4.-7. mars 2024

Forseta borgarstjórnar hefur verið boðið að taka þátt í ITB ferðasýningu í Berlín dagana 5. – 7.mars 2024.

ITB ferðasýningin er haldin 5.-7. mars í Berlín í Þýskalandi. Sýningin er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum en á síðasta ári sóttu hana um 90 þúsund aðilar. Íslandsstofa skipuleggur þátttöku íslenskra fyrirtækja á sýningunni á sameiginlegum þjóðarbás undir merkjum Visit Iceland.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins vinnur með Íslandsstofu að sérstakri kynningu á áfangastaðnum Reykjavík með þátttöku forseta borgarstjórnar.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Dagskrá markaðastofu höfuðborgarsvæðisins.



Reykjavík

ITB ferðasýningin 2024 viðvera Þórdís Lóu Þórhallsdóttir 4. – 7. mars

ITB ferðasýningin er haldin 5.-7. mars í Berlín í Þýskalandi. Sýningin er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum en á síðasta ári sóttu hana um 90 þúsund aðilar. Íslandsstofa skipuleggur þátttöku íslenskra fyrirtækja á sýningunni á sameiginlegum þjóðarbás undir merkjum Visit Iceland.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins undir merkjum Visit Reykjavík aðstoðar á þjóðarbásnum og verður fulltrúi stofunnar þar í móttöku og kynningu alla dagana. Á básnum eru 27 fyrirtæki og mörg hver aðildarfélagar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins vinnur með Íslandsstofu að sérstakri kynningu á áfangastaðnum Reykjavík þar sem við óskum eftir viðveru Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur. Eftirfarandi eru viðburðir þar sem óskað er eftir viðveru:

- Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins og Íslandsstofu skipuleggja fjölmiðlaviðburð mánudagskvöldið 4. mars í sendiherrabústaðnum þar sem Þórdís Lóa er eina af gestgjöfum kvöldsins. Viðburðurinn heitir “Sustainability Saga” og mun hún tala um tilvist stofunnar og áherslur Reykjavíkur í tengslum við sjálfbærni áfangastaða.
- Á ITB mun Þórdís Lóa hitta bæði íslenska og erlenda ferðaþjónustuaðila dagana 5. – 6. mars ásamt fjölmiðlafólki sem styrkir bæði tengsl og þekkingu á áfangastaðnum Reykjavík og mikilvægt sérstaklega núna við fyrstu skref stofunnar en einnig fyrir vörumerkið Reykjavík og áherslur þess.
- Á ITB eru skipulagðir panellar um ferðaþjónustu þar sem pólitískir fulltrúar ákveðina borga taka þátt. Almannatengslastofa vinnur að því að skoða hvernig við getum komið sögunni um Reykjavík á framfæri með Þórdísi Lóu sem panellista.
- Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins greiðir aðgang fyrir Þórdísi Lóu að ferðasýningunni en hún er á vegum Reykjavíkurborgar er varðar uppihald og ferðakostnað.